

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi. 110
10. júlí

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Haga í Barðastrandarhreppi. 111
10. júlí

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Haga í Barðastrandarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Haga í Barðastrandarhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðfylgjandi uppdrætti svo sem hér segir:

1. Lóðin er norðvestur upp af lendingunni við Hagasjóinn þar sem sláturhús Barðstrendinga stendur.
2. Að vestan: Lækur frá flæðarmáli 150 metra upp að tjörn.
3. Að norðan: Frá tjörninni fylgi neðri brún hennar og fram með laut og þaðan bein lína í merki í norðausturhorni.
4. Að austan: Umgetið merki og bein lína í annað merki fyrir ofan sjávarmál, þaðan bein lína til sjávar fyrir austan fjörulendinguna.
5. Að sunnan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi. 112
10. júlí

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er þar sem bæjarhúsin á Lambeyri standa.
2. Takmörk lóðarinnar ákveðast þannig: Frá neðri enda götusneiðings utan við eyrina upp á svokallað Leiti, fram með sjónum hundrað metra, mælt frá stórstraumsflæðarmáli og inn að læknum utan við býlið Stekkjarbakka.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl